

Nd.

## 689. Breytingartillögur

[123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar (JS).

1. Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo:  
— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks á öruggu húsnæði til eignar eða leigu.
2. Við 9. gr.
  - a. 2. tl. orðist svo:  
Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi  $\frac{2}{3}$  af innheimtum launaskatti.
  - b. Á eftir 2. tl. komi nýr tl. er verði 3. tl. og orðist svo:  
Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum sem nemur eigi lægri fjárhæð en á vantar til að samanlagt framlag af launaskatti og á fjárlögum ár hvert nemi 40% af fjármagnspörf sjóðsins.
3. Við 13. gr. Aftan við 4. mgr. bætist: sbr. 1. tl. A og B 17. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra.
4. Við 14. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Þó má lán, sem veitt er skv. þessari grein að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, ekki nema hærri fjárhæð en nýbyggingarlán eru á hverjum tíma nema um fyrstu íbúðarkaup sé að ræða eða mjög erfiðar félagslegar aðstæður.
5. Við 14. gr. 4. mgr. orðist svo:  
Lánstími skal vera allt að 26 árum en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.
6. Við 15. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Lán skv. 3. tl. 11. gr. er heimilt að veita þeim sem byggir leiguíbúðir, þar með taldar sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða, sbr. 1. tl. A og B 17. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir handa börnum og öldruðum.
7. Við 16. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu leiguíbúða fyrir aldraða, þar með taldar sérhannaðar íbúðir, sbr. 1. tl. A og B 17. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, eða dvalarheimili, skal fyrst láta fara fram athugun á þörf fyrir slíkar íbúðir eða heimili í samvinnu við sveitarstjóra.
8. Við 16. gr. 1. másl. 2. mgr. orðist svo:  
Umsókn um lán til byggingar leiguíbúða fyrir aldraða, þar með taldar sérhannaðar íbúðir, sbr. 1. tl. A og B 17. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, dagvistarstofnanir eða dvalarheimili, skv. niðurstöðum slíkrar könnunar, skal fylgja umsögn heilbrigðisráðuneytisins.
9. Við 30. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Vextir af lánum skulu vera breytilegir skv. ákvörðun ráðherra en þó aldrei hærri en 3% á ári. Lán skv. 6. tl. 11. gr. skulu þó vera vaxtalaus. Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögu til félagsmálaráðuneytisins um vexti af hverjum lánafllokki Byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og aðra þóknun af lánum sjóðsins.
10. Við 30. gr. 4. mgr. orðist svo:  
Gjalddagar lána skv. 1.—7. tl. 11. gr. skulu eigi vera færri en sex á ári.
11. Við 31. gr. Aftan við 2. mgr. bætist nýr másl. svohljóðandi: Þó skal lánahlutfall aldrei ákveðið lægra en 40% af byggingarkostnaði staðalíbúða frá og með 1. jan. 1985.
12. Við 32. gr. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr. svohljóðandi:  
Upphæð hvers útborgaðs láns hluta skal fylgja breytingu á lánskjaravísitölu frá samþykkt láns til greiðsludags.

13. Við 33. gr. Aftan við c-lið bætist nýr málsl. svohljóðandi: Einnig búseturéttaríbúðir sem byggðar eru eða keyptar af húsnæðissamvinnufélögum til ótímabundinna afnota félagsmanna.
14. Við 34. gr.
  - a. B-liður 1. mgr. orðist svo:

Með árlegu framlagi sem nemi  $\frac{1}{3}$  af innheimtum launaskatti.
  - b. Á eftir b-lið 1. mgr. komi nýr liður er verði c-liður og orðist svo:

Með árlegum framlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum sem nemi eigi lægri fjárhæð en á vantar til að samanlagt framlag af launaskatti og skv. fjárlögum ár hvert nemi 60% af fjármagnsþörf sjóðsins.
15. Við 34. gr. 2. mgr. orðist svo:

Fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðarþörf landsmanna en því markmiði verði náð á árinu 1986.
16. Við 34. gr. Síðasti málsl. 3. mgr. falli brott.
17. Við 39. gr. 1. mgr. orðist svo:

Kostnaðarverð íbúða í verkamannabústöðum má ekki vera herra en verð staðalíbúða skv. 32. gr. þessara laga.
18. Í stað „49. gr.“ í síðasta málslíð 3. mgr. 43. gr. komi: 57. gr.
19. Við 49. gr. 1. og 2. málsl. 1. mgr. hljóði svo:

Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hvernar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður skv. lögum þessum. Lánið skal nema allt að 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar skv. 32. gr. þessara laga.
20. Við 49. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný mgr. er hljóði svo:

Ársvextir af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna skulu vera 0,5% á ári. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjöld og aðra þóknun af lánum sjóðsins.
21. Við 53. gr. Greinin orðist svo:

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið skv. þessum lögum eða eldri lögum um verkamannabústaði, seld á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 50. gr., og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á söluverði skv. 2. mgr. 51. gr. Að fengnu afsali skv. þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.
22. Við 58. gr. 1. mgr. hljóði svo:

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða skv. b- og c-lið 33. gr. mega nema allt að 90% af áætluðum byggingarkostnaði sem gildir til viðmiðunar fyrir samsvarandi íbúðir, sbr. ákvæði 32. gr. laga þessara.
23. Við 61. gr. Greinin orðist svo:

Óheimilt er að selja leiguíbúðir eða breyta leiguíbúðum eða búseturéttaríbúðum sem byggðar eru skv. lögum þessum í eignaríbúðir meðan á þeim hvílir lán frá Byggingarsjóði verkamanna.
24. Við 62. gr. Í stað „30 daga“ í 2. mgr. komi: 45 daga.
25. Við 64. gr. Í stað „80%“ í 3. mgr. komi: 90%.
26. Á eftir ákvæði til bráðabirgða bætist við tvö ný ákvæði til bráðabirgða er hljóði svo:
  - a. (II.) Stjórn Húsnæðisstofnunar skal beita sér fyrir því í samvinnu við viðskiptabankana og sparissjóði að komið verði á nýju sparnaðarformi tengdu rétti til viðbótarlána til lengri tíma úr bankakerfinu vegna húsnæðisöflunar.
  - b. (III.) Félagsmálaráðherra skal þegar í stað skipa þriggja manna nefnd er í eigi sæti einn fulltrúi ASÍ, einn frá húsnæðissamvinnufélaginu Búseta og einn fulltrúi sem félagsmálaráðherra tilnefni úr stjórn Húsnæðisstofnunar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin hafi það verkefni að endurskoða ákvæði gildandi laga um fjármögnun og skipulag hins félagslega húsnæðislánakerfis. Nefndin miði tillögur sínar um fjármögnun við það að unnt verði að standa við yfirlýst markmið um að 1/3 hluti íbúða á ári hverju verði byggður á vegum hins félagslega kerfis og að tryggja félagasamtökum, eins og t. d. búseturéttarfélögum, ótvíræða aðild að kerfinu, bæði fjármögnun þess og stjórn, í því skyni að koma frambúðarskipulagi á leigumarkaðinn. Einnig verði kannað hvort koma megi á kaup/leigu-fyrirkomulagi í félagslegum íbúðabyggingum.